

7.11.2012

Ágæta stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd,

Erindi þessa bréfs varðar ákvæði um jafnræði í nýrri stjórnarskrá. Undir kafla II. um mannréttindi og náttúru er ákvæði um jafnræði þar sem fram kemur að fólk skuli njóta mannréttinda óháð fjöldamörgum atriðum sem þar eru talin upp. Hins vegar er hvergi minnst á holdafar í þeirri upptalningu, þrátt fyrir að rannsóknir sýni að fordómar vegna holdafars séu einhverjir algengustu fordómar í vestrænum samfélögum. Íslenskar rannsóknir staðfesta að mismunur á grundvelli holdafars á sér stað í atvinnulífi hér á landi, og dæmi eru um að fólki hafi verið meinað að ættleiða barn á grundvelli holdafarsins eins. Að minnsta kosti eitt slíkt mál vannst fyrir dómstólum en hefði eflaust stytt þrautargöngu þeirra sem í hiut áttu ef tekið væri fram í stjórnarskrá landsins að mismunur á grundvelli holdafars væri óheimil.

Rannsóknir hafa staðfest að fordómar á grundvelli holdafars eru algengt og alvarlegt vandamál í vestrænum samfélögum. Rannsóknir undanfarinna áratuga benda einnig til þess að þessir fordómar fari vaxandi og séu að mörgu leyti félagslega samþykktir. Fæstum dettur í hug atriði eins og holdafar þegar rætt er um mismunur en engu að síður er hér um að ræða raunverulega fordóma og mismunur sem ógna líðan, atvinnuöryggi og lífsgæðum stórs hluta þjóðarinnar, en um 20% landsmanna teljast of feit. Því er vert að áréttu að það er ekki fámennur minnihlutahópur, sem stendur frammi fyrir þessu óréttlæti, heldur allt að fimmtungur þjóðarinnar.

Viðurkenning vísindasamfélagsins á holdafari sem mikilvægum ákvörðunarþætti félagslegrar stöðu fólks fer sívaxandi. Fagtímarit á þessu sviði hefur þegar hafið göngu sína og fitufræði (Fat Studies) eru kennd við fjölda háskóla. Fitufræði er fræðigrein sem einbeitir sér að gagnrýninni skoðun holdafars í tengslum við valdaskipan samfélagsins, rétt eins og aðrar fræðigreinar gera með tilliti til kyns, kynhneigðar, fötlunar og annarra eiginleika sem einkenna mannlegan fjölbreytileika. Enn sem komið er hefur ekkert land samþykkt lög sem banna mismunur á grundvelli holdafars, þótt sum ríki í Bandaríkjunum hafi gert það innan síns yfirráðasvæðis, né er holdafars sérstaklega getið í stjórnarskrá nokkurs lands. Fáar þjóðir standa þó í þeim einstöku sporum sem Íslendingar standa nú: Að fá tækifæri til að endurskoða og endurbæta stjórnarskrá landsins með hliðsjón af nútímalegum hugmyndum um jafnræði, lýðræði og réttlæti.

Af ofangreindu ætti að vera ljóst mikilvægi þess að bæta holdafari við þau atriði sem talin eru upp undir ákvæði um jafnræði í stjórnarskrá Íslendinga, ef það á að þjóna tilgangi sínum um að vernda mannréttindi íslenskra samfélagsþegna. Íslendingar hafa áður rutt brautir er snerta mannréttindi, svo sem jafnrétti kynjanna og réttindi samkynhneigðra. Það er því ekki nema rökrétt að þeir ryðji brautina að þessu leyti líka. Verði þessu atriði bætt við stjórnarskrána munum við verða fyrst allra þjóða til að viðurkenna mismunur á grundvelli holdafars og binda það í stjórnarskrá okkar að slík mismunur sé ekki samþykkt. Mun þar með verða brotið blað í sögu mannréttinda.

Með kveðju,

Sigrún Danielsdóttir sálfræðingur og formaður Samtaka um líkamsvirðingu.

Heimildir:

- Andreyeva T, Puhl RM, Brownell, KD. (2008). Changes in perceived weight discrimination among Americans, 1995-1996 through 2004-2006. *Obesity*, 16, 1129-1134
- Asgeirsdóttir, T.A. (2011). Do body weight and gender shape the work force? the case of Iceland. *Economics & Human Biology*, 9, 148-156.
- Latner, J.D., & Stunkard, A.J. (2003). Getting worse: the stigmatization of obese children. *Obesity Research*, 11, 452-456.
- Puhl, R.M., Andreyeva, T., & Brownell K.D. (2008). Perceptions of weight discrimination: prevalence and comparison to race and gender discrimination in America. *International Journal of Obesity*, 32, 992-1000.
- Puhl, R.M., & Heuer, C.A. (2009). The stigma of obesity: a review and update. *Obesity*, 17, 941-64.